

### 3. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 8. desember 2023 í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík

**Mætt eru:** Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Gunnar Gunnarsson (GG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Rakel Másdóttir (RM), Ásgeir Sveinsson (ÁS) á fjarfundi, Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Embla Líf Hallsdóttir (ELH), fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ, Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ.

**Forföll:** Málfríður Sigurhansdóttir (MS)

*Formaður setti fund kl. 15:05*

#### 1. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

- AIP fór yfir stöðu mála frá síðasta stjórnarfundum og starfið fram undan.

#### 2. Fundargerðir nefnda lagðar fram til kynningar

- 1. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 1. fundargerð fjárhags- og greiningarnefndar
- 1. fundargerð móta- og viðburðanefndar
- 1. fundargerð upplýsingatækninefndar
- Minnisblað frá Þrastaskógarnefnd

#### 3. Erindi frá nefndum

- Móta- og viðburðanefnd leggur til að fulltrúar UMFÍ í framkvæmdanefnd Landsmóts UMFÍ 50+ í Vogum 2024 verði RH og Guðmundur Jónasson og að fulltrúar UMFÍ í framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ í Borgarnesi 2024 verði RH og RM. Stjórn samþykkir tillöguna.

#### 4. Staða verkefna og samantektir verkefna lagðar fram til kynningar

- Farið yfir stöðu verkefna
- JSI, RH og hluti starfsfólks UMFÍ sótti ráðstefnu ISCA í Madrid í nóvember. JSI og AIP sóttu aðalfund ISCA í kjölfarið.

- Ragnheiður Sigurðardóttir fór á vegum Special Olympics til Rúmeníu og Slóvakíu 20.-26. nóvember í tengslum við verkefnið Allir með.

## 5. Fjármál

- Uppgjör fyrstu 10 mánaða ársins 2023 lagt fram til kynningar.

## 6. Samningur ÍSÍ og UMFÍ við stjórnvöld vegna starfstöðva

- Drög að efnisgrein samningsins lögð fram til kynningar. Stjórn felur JSI að undirrita samninginn fyrir hönd UMFÍ. Stjórn áskilur sér rétt til að hafa skoðun á þeirri verkefnalýsingu sem fram kemur í samningnum og hvernig samningurinn líti út í heild sinni.

ÁS vék af fundi kl. 16:25

## 7. Auka arðgreiðsla frá Getspá

- Nýverið greiddi Íslensk getspá út 300.000.000 kr. aukaarðgreiðslu til eignaraðila. Stjórn fagnar þessum góða árangri Íslenskrar getspár. Hlutur UMFÍ í aukagreiðslunni verður greiddur út í samræmi við reglur um lottóskiptingu.

## 8. Aðsend erindi

- Áskorun um fjárhagsstuðning við Umf. Grindavíkur frá Keflavík, Njarðvík og Þrótti Vogum - Framkvæmdastjóra falið að ljúka málinu í samráði við UMFG.

*Farið yfir fundargerð og hún samþykkt í lok fundar.*

*Fundi slitið kl. 17:14*

*SÓJ ritaði fundargerð*